



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Brekkuborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat	7
3.1. Brekkulind og Brekkulyng	
3.2. Brekkulundur	
3.3. Brekkulaut	
4 Innra mat sérkennslu.....	11
5 Innra mat – fjöltyngd börn	12
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	13
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	13
8 Foreldrasamvinna.....	14
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	14
10 Fylgigögn.....	14
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	14



Leiðarljós leikskólans er Lýðræði, virðing og vinátta

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar horft er til baka á skólaárið 2020-2021 þá einkennist það af miklum sveigjanleika og endurskipulagningu starfsins við hverja nýja Covid reglugerð. Við höfum rætt það okkar á milli að sumar þær breytingar sem urðu á starfi leikskólans á þessum farsóttartímum séu komnar til að vera. Við sjáum okkur í framtíðinni vera að sótthreinsa snertifleti, leggja áherslu á handþvott, taka nokkur foreldraviðtöl í síma eða á fjarfundi og að öllum líkindum munum við halda áfram að skila börnunum úti í lok dags ef veður leyfir. Vonandi getum við þó fljótlega lagt andlitsgrímunni endanlega. Barnahópurinn hefur komið vel út úr þessum vetri. Við höfum verið að taka á móti börnunum við útidyr skólans í vetur og virðist það henta börnunum vel því minna er um grát þegar foreldrarnir kveðja. Sjálfstæði barnanna í fataklefanum hefur einnig aukist umtalsvert.

1.janúar 2021 gekk í gildi vinnutímastytting sem samið var um í kjarasamningum. Á Brekkuborg fórum við í fulla styttingu sem er 10% stytting á vinnutíma. Styttingin er tekin út eftir hádegi og á hver starfsmaður sinn fasta vikudag. Þessar breytingar hafa gengið vel. Við þurfum aðeins að hliðra til í dagskipulaginu og er nú flest skipulagt starf með börnunum og fundir fyrir hádegi.

Um miðjan febrúar var byrjað á framkvæmdum hjá okkur. Settur var hiti í gólfíð á öllum deildum og í salnum. Framkvæmdirnar tóku rúmar 5 vikur. Við nýttum tækifærið og endurnýjuðum ýmsan húsbúnað sem búinn var að vera síðan 1992 þegar skólinn tók til starfa. Ekki er allur búnaður kominn í hús þó farnar hafi verið nokkrar IKEA ferðir.

Við horfum með bjartsýni til næsta starfsárs. Leikskólinn á 30 ára afmæli 1.apríl 2022 og ætlum við að halda daginn hátíðlegan með starfsfólki, börnum og foreldrum á opnu húsi þann dag. Starfsmannahópurinn fór yfir gátlista menntastefnunnar um læsi og félagsfærni. Stefnt er á að vinna með nokkrar greinar barnasáttmálans næsta skólaár og leggja áherslu á einkunnarorð skólans – lýðræði, virðing og vinátta.

Starfsmannahópurinn ráðgerði námsferð erlendis haustið 2020 sem féll niður vegna Covid. Ákveðið var að fara námsferð innanlands vorið 2021 sem féll einnig niður vegna óvissu um takmarkanir vegna Covid. Farið verður í námsferð innanlands 9.-10.maí 2022 og er undirbúningur hafinn.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Á síðasta ári settum við okkur markmið með að setja upp áfallaráð við skólann. Það hefur ekki að fullu náðst en það vantar að fara yfir matið og gera athugasemdir við það sem er komið og svo samþykkja. Við stefnum á að klára áfallamatið veturinn 2021-2022 og koma í gagnið.

Eftir á að skrá niður og móta læsisstefnu Brekkuborgar og setja hana í námskrá.

Við settum okkur þau markmið að starfsfólk fengi samningsbundinn undirbúning. Það hefur náðst með góðri samvinnu og skipulagningu. Þetta var áskorun að því leyti að inn í þetta ár komu vinnutímastyttingar sem þurfti að standast líka. Við erum ánægð með að þetta markmið hefur náðst.

Ekki var gert ytra mat á leikskólanum skólaárið 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Áfallaráð	Umræður á deildarstjórafundum	Stjórnendur	Þetta hefur ekki náðst að klárast og stefnum við að klára það næsta skólaár. Við stjórnendur höfum ekki sett þetta verkefni í forgang á annars fordæmalaus skólaári.
Læsisstefna	Á starfsdögum og deildarstjórafundum	Starfsmenn	Unnið er með læsi og málörvun en eftir á að skrá áætlunina niður og setja í námskrá
Undirbúningstímar	Á starfsdögum og deildarstjórafundum	Starfsmenn	Við náðum að klára og eru allir komnir með undirbúningstíma.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Brekkuborg á stórafmæli 2022 en þá verður skólinn 30 ára. Í tilefni af afmælinu langar okkur að taka fyrir einkunnarorð leikskólans sem eru virðing, vinátta og lýðræði. Við ætlum að tengja einkunnarorðin við greinar 2, 12 og 13 í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessar þrjár greinar snúast um jafnræði, réttinn til að hafa skoðanir og tjáningarfrelsi. Starf vetrarins miðast að lýðræði og aðkomu barnanna að ákvarðanatöku og að þau komi meira að vali að verkefnum. Starfsfólkið verður að vera vakandi og grípa þau tækifæri sem gefast í starfinu með börnunum. Áætlað er að hafa viðtöl við börn um þeirra væntingar til skólastarfsins haustið 2021. Í framhaldi af því viljum við efla samvinnu á milli deilda til að börnin kynnist betur hvert öðru þvert á aldur. Það er okkar von að vinátta og virðing milli aldurs eflist. Við erum spennt að sjá hvert þetta verkefni leiðir okkur og metum við árangur þess á starfsdögum, deildarstjórafundum og deildarfundum, þar sem við förum yfir skráningar og hvað gekk vel og hvað mætti betur fara.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
viðtöl	Starfsmannaviðtöl með áherslu á mannauð og dreifingu ábyrgðar	Leikskólastjóri og deildarstjórarnir taka starfsmenn í viðtöl	Leikskólastjóri og deildarstjórnarar	Haust 2021	Vor 2022	Með einstaklingsviðtölum	Að allir starfsmenn hafi farið í viðtöl hjá leikskólastjóra og hjá deildarstjórara sinnar deildar
Uppeldis- og menntastarf							
umhverfis mennt	Bæta umhverfisvitund barnanna	Ræða við börnin um umhverfið og flokkun. Umhverfisvirkur settar inn í dagatal skólans.	Allir starfsmenn	Haust 2021	Vor 2022	Könnunaraðferð, rýnihópar barna og skráning	Umhverfisvitund barnanna og þátttaka þeirra í umhverfisvernd hefur aukist
Græn skref	Innleiða skref 1 í Grænum skrefum Rvk	Gátlisti Grænna skrefa, framkvæmdaáætlun	Umhverfisdeild og Brekkuborgar	Ágúst 2021	Febrúar 2022	Gátlisti Grænna skrefa	Skref 1 í Grænum skrefum RVK hefur verið innleitt
vinátta	Efla vináttu og samkennd í barnahópnunum	Umræðuhópar barna. Fléttað inn í uppeldisstarfið	Deildarstjórnarar og allir starfsmenn	Haust 2021	Vor 2022	Ræða saman um vináttu bæði börn og starfsm.	Samkennd og vinátta barna hefur aukist
Lýðræði	Að börnin komi meira að ákvarðanatöku um nám sitt.	Barnafundir og viðtöl við börnin. Hvað hafa þau áhuga á að læra og gera í leiksk.	Deildarstjórnarar og starfsmenn	Haust 2021	Vor 2022	Umræðuhópar barna og uppeldisfræðileg skráning.	Börnin koma meira að ákvarðanatöku um nám sitt



Mannauður/ Leikskólabragur							
Samvinna	Að deildir vinni saman og hafa flæði á milli deilda. Einu sinni í mánuði fram á áramótum og svo á tveggja vikna fresti.	Að flæðið sé sett inn í skipulag og starfsfólk vinni samkvæmt því.	Deildarstjórn og allir starfsmenn	Haust 2021	Vor 2022	Umræðumat á starfsdögum, deildarstjórafundum og deildarfundum	Aukið flæði og samvinna milli deilda
Innra mat							
Raddir barna og Sjálfsefling	Að börnin komi meira að ákvarðanatöku um námið sitt	Hitta börnin í umræðuhóp um og einstaklingsviðtölum. Hlusta eftir hvað þau eru að segja í leik og starfi	Allir starfsmenn	Haust 2021	Vor 2022	Gátlisti menntastefnu um félagsfærni og sjálfseflingu. Barnafundur, einstaklingsviðtöl við börn. Skráning	Áhrif barna á uppeldisstarf leikskólans hefur aukist

3 Innra mat

3.1 Brekkulind og Brekkulyng

Reggio Emilia: Langtímaverkefni stóðust ekki en höfum skoðað og skráð þróun teikninga og handgrip. Sjá fylgiskjal 8.2.1 með síðustu starfsáætlun. Tækifæri til umbóta, að virkja alla deildastarfsmenn og nýta áhugasvið barnanna, verður áfram í umbótaáætlun næsta árs.

Tónlist: Styrkleikar: Börnin lærðu margar þulur og söngva, notuðu hljóðfæri og eru orðin nokkuð góð að skynja takt. Tónlistartímarnir höfðu góð áhrif á börn og starfsfólk því höldum við þessu fyrirkomulagi áfram og telst þessum umbótaþætti lokið.

Skráningar: Styrkleikar: Starfsfólk hefur styrkst í skráningum. Tækifæri til umbóta: Skráningum ábótavant í lagavali barna og setjum það í umbótaáætlun næsta starfsárs.

Nýr umbótaþáttur næsta starfsárs er að efla sjálfstyrkingu barna.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



Áhrif barna á lagaval	Börnin komi að lagavali í samveru	Hvert barn velur 1x í viku, munnlega eða myndrænt	Deildastjóri deilda starfsmenn	Okt 2021	Maí 2022	Skráningar á heimagerðum matsblöðum	Að börn verði virk og sjálfstæð í vali.
Reggio	Vinna áfram með hugmyndafræði Reggio í myndlist.	Nýta áhugasvið barnanna vinna verkefni til lengri tíma	Deildastjóri allir deildastarfsmenn	Haut 2021	Vor 2022	Skriflegar og myndrænar skráningar á ferli og þróun verka. Umræður við börnin.	Að börnin þori að sýna frumkvæði í verkefnavali.
Sjálfstyrking að láta ljós sitt skína	Að börnin þori að koma fram og tjá sig	T.d. í samverustund syngja segja frá standa fyrir framan hópinn	Deildastjóri allir deildastarfsmenn	haus 2021	vor 2022	Safna gögnum yfir önnina skriflegum og myndrænum	Að börnin láti ljós sitt skína

3.2 Brekkulundur

Reggio: Hefur gengið vel en okkar markmið er að börnin þurfi sjálf að vinna að sínum hugmyndum og efniviður sé aðgengilegri fyrir þau til að framkvæma.

Lýðræði: Samverustundir með þeirra ábyrgð hafa gengið vel. Viljum við að þau hafi meira val og beri meiri ábyrgð á ákvarðanatöku sinni. Viljum við sjá þau vaxa og þróast með sínum ákvörðunum og úrvinnslu þeirra næsta vetur.

Frjáls leikur: Börnin hafa verið duglegri að velja sér félag og verkefni hafa enst lengur í leik sem þau hafa haldið áfram með þó önnur verkefni hafi komið inn í. Við erum mjög ánægð með hvernig frjálsi leikurinn hefur þróast og verðum áfram með áherslu á hann næsta vetur.

Vettvangsferðir og hreyfing: Hreyfing í sal gekk mjög vel og hafa börnin mikinn áhuga á hreyfistundunum. Vettvangsferðir féllu meira niður en stefnan er að bæta það næsta vetur.

Málörvun: Gekk vel í vinnu með spil og lestur og viljum við halda áfram með þau verkefni næsta vetur. Finnum við fyrir miklum framförum í samvinnu og það að læra að bíða og taka tillit hefur aukist mjög.

Umbætur verða nýttar og starfsfólk sé meðvitaðra að gefa börnunum tækifæri að þróa sig áfram í leik og starfi. Starfsfólk sé til staðar hlusti á óskir barnanna og noti opnar spurningar svo börnin geti þróað óskir sínar og hugmyndir og þær framkvæmdar.

Við stefnum að sömu markmiðum næsta vetur og við ákváðum með síðasta vetur en vonum að með betri tímum komi það til með að ganga.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Reggio Emilia	Börnin fáí frjálsan aðgang að efnivið inn á deild og listaskála.	Listavagn sé sýnilegur inn á deild og starfsfólk sé að hlusta á óskir barnanna	Deildarstjóri. Starfsmenn deildarinnar.	Sept. 2021	Maí 2022	Skráningar með myndum og könnunaraðferð.	Börnin verði örugg og meðvit uð um aðgengi efniviðar og geti nálgast hann
Lýðræði	Aukin þátttaka barna í samverustund	Börnin velja lag í samverus tund. þ.e.a.s. það barn sem er veðurfræ ðingur hverju sinni ber ábyrgð á vali lags og hverju skuli klæðast í útiveru.	Deildarstjóri er ábyrgðaraðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um ábyrgð.	Sept emb er 2021	Júlí 2022	Söfnum gögnum um þátttöku barna í samverustund.	Börnin verði örugg með ábyrgð á samverustund um eftir skólaári ð
Frjáls leikur	Útvíkka leikinn og gefa þeim rými til að þróa leikinn	Hjálpa þeim að útvíkka leikinn út frá þeirra hugmynd um og gefa þeim meiri tíma í að þróa leikinn.	Deildarstjóri er ábyrgðaraðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um framkvæmd	Sept emb er 2021	Júlí 2022	Skráning og ljósmyndir úr starfi	Að börnin verði áhugas ðm í að útvíkka leikinn
Vettvangsferðir og hreyfing	Nota útikennslu verkefnið Prisma og bæta útikennslu og vera með heyfingu í sal.	Nota Prisma verkefnið í vettvangs ferðum og gera skráningu eftir hverja	Deildarstjóri er ábyrgðaraðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um framkvæmd	Sept emb er 2021	Júlí 2022	Skráning og ljósmyndir úr ferðunum og þeirra upplifun.	Að börn og starfsfó lk verði öruggt með að vinna eftir Prisma og



		vettvangs ferð með upplifun barnanna					skránin gar verði eftir hverja ferð
Málörvun	Að auka orðaforða og skilning barnanna. Að börnin læri stafina í nafninu sínu	Að nota og spil og bækur til kennslu	Deildarstjóri er ábyrgðaraðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um framkvæmd.	Sept emb er 2021	Maí 2022	Könnun (Tras) og að börnin eflist við að tjá sig almennt í leik og starfi.	Að börnin sáu ófeimin að tjá sig

3.3 Brekkulaut

Reggio: Börnin þurfa sjálf að vinna að sínum hugmyndum og efniviður sé aðgengilegur.

Skipulagðar hreyfistundir í sal voru ekki nægilegar markvissar vegna aðstæðna. Vettvangsferðir héldu sér.

Á Brekkulaut verða tveir nýir árgangar en eingöngu var einn árgangur elstu barna síðast liðinn vetur. og ætlum við að halda sömu markmiðum næsta skólaár.

Umbætur verða nýttar og starfsfólk sé meðvitaðra að gefa börnunum tækifæri að þróa sig áfram í leik og starfi. Starfsfólk sé til staðar hlusti á óskir barnanna og noti opnar spurningar svo börnin geti þróað óskir sínar og hugmyndir og þær framkvæmdar. Miklar framfarir urðu á áhuga barna í stafagerð í vetur og lestur bóka og höldum við því ótrauð áfram. Börnin fengu mikinn áhuga á einingakubbum og verða þeir áfram í boði inn á deild.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Reggio stefnan	Börnin fá frjálsan aðgang að efnivið inn á deild og listaskála.	Listavagn sé sýnilegur inn á deild og starfsfólk sé að hlusta á óskir barnanna	Deildarstjóri. Starfsmenn deildarinnar.	Sept. 2021	Maí 2022 .	Skráningar með myndum og könnunaraðferð.	Börnin verði örugg og meðvit uð um aðgengi efniviðar og geti nálgast hann

Hreyfing.	Stefnt er að hafa hreyfistund einu sinni í viku fyrir öll börn á deildinni. Öll börn fá vettvangsferð einu sinni í viku.	Börnunum er skipt í hópa í sal þar sem starfmaður er með börnunum í hreyfistund . Vettvangs - ferðir nýttar í upplifun og grófhreyfing um í náttúrunni.	Deildarstjóri. Starfsmenn deildarinnar.	Sept 2021	Maí 2022	Skráningar á þar til gerð blöð. Ljósmyndir teknar og skoðaðar. Börnin teikna eða gera sögur eftir ferðir	Börnin sýni gleði með aukinni getu . Starfsmenn meti hreyfi getu 2 sinnum á ári
Læsi og bækur	Vekja áhuga barna á bókum og hafa gott aðgengi að þeim. Bókstafir og tölustafir séu sýnilegir. Markmið að börnin geti skrifað nafnið sitt.	Sögustundir eru hafðar tvisvar sinnum á dag. Almenn umræða um bókina. Börnin fá að koma með bækur að heiman. Börnunum er skipt upp eftir aldri í Verkefna- stundir	Deildarstjóri. Starfsmenn Deildarinnar.	Sep. 2021	Maí 2022	Skráningar á þar tilgerð blöð Könnunaraðferð. Notuð . Börnin búa til sögur frá eigin brjósti og myndskreyta.	Börnin þekki og kunna að skrifa nafnið sitt, þau læri að meta bækur.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Mikið unnið með börnin inni á deild með öðrum börnum, einnig eru þau tekin út af deildinni í hóp en eitthvað er um einstaklingsþjálfun. Skráning á heimagerðum blöðum bæði í einstaklingskennslu og í hópkenndu út frá markmiðum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS er notað fyrir öll börn frá 2 ára, AEPS fyrir þau börn sem þurfa frekari aðstoð, Hljóm 2 fyrir öll börn á síðasta ári.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Lærum og leikum með hljóðin, Hljóðasmiður Lubba , Ipad ýmis snjallforrit, íslensk og erlend t.d. Bitsboard, Froskurinn Hoppi, margskonar spil og allskonar heimagert efni.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Samstarf og aukin þátttaka	Að deildar taki meiri þátt í þjálfun barna	Sérkennslustjóri útbýr áætlun fyrir hvern hóp/barn sem að deildar fylgja eftir	Sérkennslustjóri og deildarstjóri	Sept	Maí	Farið yfir skráningar á deildarfundum sem gerðar eru yfir veturinn á þjálfuninni.	Að börnin fái meiri tíma í markvissari þjálfun og starfsfólk verði öruggari í þjálfun barna.
----------------------------	--	--	-----------------------------------	------	-----	---	--

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í spil, snjallforrit og önnur kennslugögn. Hluti fer í launakostnað.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með Gefðu 10 inni á deildum, hver starfsmaður gefur 10 mín. skipta með sér vinnu á gólfi, í spilum og sögustundum, markvissar spila- og verkefnastundir, starfsfólk meðvitað um samhliða tal.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Lestrarstundir, spilastundir, samverustundir vel nýttar og starfsfólk til staðar í frjálsum leik og útiveru.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Gerðar einstaklingsáætlanir fyrir þau börn sem eru fremur slök í íslensku máli, TRAS fyrir öll börn, erum að kynna okkur Hæfniramma í íslensku.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við reynum eftir okkar bestu getu að styðja við alla þætti málsins.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um
---------------	---------------------	---------------------	--------	-------	-------	-------------------------	-----------



MATSPÁTTUR							árangur
	Festa í sessi málörvunarst undir og Gefðu 10 inni á deildum.	Að hver deild sjái um fastar málörvunarst undir inni á deild, í tímanum þar sem börnum er skipt í inni- og útiveru.	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	Sep t	Maí	Rætt á deildarstjórafundum og deildarfundum. Farið yfir skráningar frá stundum vetrarins	Að börnin verði með aukna kunnáttu í íslensku máli

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl:

Allir starfsmenn fara í stutt viðtal við leikskólastjóra í september 2021

Deildarstjórar taka sitt starfsfólk í viðtal amk tvisvar á skólaárinu, á haustönn og vorönn

Leikskólastjóri tekur einstaklingsviðtöl við stjórnendateymið amk tvisvar á skólaárinu.

Leikskólastjóri tekur starfsþróunarviðtal við alla starfsmenn í mars 2022

Sú fræðsla sem áætluð er skólaárið 2021-2022 er:

Slysavarnanámskeið fyrir alla starfsmenn

Upptökur af menntastefnumótinu notaðar á starfsmannafundum og deildarfundum

Fræðsla og kynningar frá Mixtúru

Tveir starfsmenn eru skráðir í grunnnám – fjanám í leikskólakennarafræðum við Háskólann á Akureyri og einn í staðnámi á þriðja ári í leikskólafræðum við Háskóla Íslands.

Starfsmenn Brekkuborgar eru duglegir að sækja sér hin ýmsu símenntunarnámskeið sem örugglega verða í boði næsta skólaár.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Brekkuborgar, Húsaskóla og Kastala/frístund í Húsaskóla byggir á góðri hefð.

Gagnkvæmar heimsóknir eru á milli Brekkulautar og Húsaskóla og einnig fara börnin á Brekkuborg í heimsókn í Kastala. Ekki er búið að setja niður dagsetningar á samstarfi vetrarins 2021-2022 en sá fundur verður 6.september 2021.

Í skólanámskrá Brekkuborgar má finna þá grind sem unnið er eftir.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrafundir eru haldnir í 3.viku september ár hvert. Skólaárið 2021-2022 verða þeir miðvikudaginn 15.september kl.17:00 og fimmtudaginn 16.september kl.8:30. Sama efni er á báðum fundum og hafa foreldrar val um hvorn fundinn þau sækja.

Starfandi er foreldrafélagið Eik við skólann. Kosið er í stjórn félagsins á foreldrafundum að hausti.

Foreldraráð er starfandi við skólann og er einnig kosið í það á foreldrafundum að hausti

Öllum foreldrum er boðið upp á foreldraviðtöl tvisvar á ári – haust og vor. Stefnt er að bjóða haustviðtölin í fjarfundi eða símaviðtali. Foreldrar geta fengið viðtöl við deildarstjóra til viðbótar eftir þörfum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskóladagatal fylgir sem fylgiskjal 10.2.

Skipulagsdagar eru sex talsins:

Mánudagurinn 23.ágúst 2021

Mánudagurinn 4.október 2021 – sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

Föstudagurinn 3.desember 2021

Mánudagurinn 7.febrúar 2022 – sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

Mánudagurinn 9.maí 2022 – sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

Þriðjudagurinn 10.maí 2022

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

10.2 Leikskóladagatal Brekkuborgar 2021-2022

F. h. leikskólans Brekkuborgar

Svala Ingvarsdóttir

28.6.2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2021 – 2022

Brekkuborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Berglind A. Zoega Magnúsdóttir
Hlédís Sigurðardóttir
Hrefna Lára Sigurðardóttir
Sigrún Buithy Jónsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Brekkuborgar er í heild sinni góð og vel fram sett. Greinargóð lýsing er á starfi vetrarins og þeim umbótum sem farið verður í á hverri deild starfsárið 2021-2022. Foreldraráð samþykkir skóladagatal fyrir leikskólann fyrir árið 2021-2022 en ekki hefur verið ákveðið hvernig sumarlokunum verður háttað á þessu tímabili. Sú ákvörðun verður tekin þegar fyrir liggur hvort leikskólanum verður gert að hafa sumaropnun fyrir alla leikskóla Grafarvogs eða hvort unnt verður að loka leikskólanum vegna sumarleyfa.

Foreldraráð telur mjög jákvætt að Brekkuborg muni vinna með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og innleiða formlega Græn skref Reykjavíkurborgar. Foreldraráð hrósar starfsfólki og stjórnendum leikskólans sérstaklega fyrir gott skipulag og jákvæðan anda á tímum heimsfaraldursins Covid-19. Þá er ánægjulegt að sjá að í starfsáætlun er stefnt á að samstarf foreldra og leikskóla fari aftur í eðlilegt horf næsta vetur. Í starfsáætluninni má einnig sjá að starfsfólk og stjórnendur leikskólans draga ákveðinn lærdóm af Covid-19 varðandi skipulag sem mun nýtast til framtíðar.

9.7.2021

Berglind A. Zoega Magnúsdóttir
Hlédís Sigurðardóttir
Hrefna Lára Sigurðardóttir
Sigrún Buithy Jónsdóttir





ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ												
1	S		1	M		1	F	Foreldraviðtöl á Lind þessa viku	1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	Þ	Sprengidagur	1	F	30 ára afmæli Brekkuborgar Opið hús	1	S	Verkalýðsdagurinn	1	M	Útskrift 2016 árgangs			
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	F	Jólastund með foreldrum	2	S		2	M	Öskudagur	2	L		2	M	Umferðavika Foreldraviðtöl		2	M	Umferðavika Foreldraviðtöl	2	F			
3	Þ	Sumarlokun Brekkuborg	3	F		3	S		3	F	Skipulagsdagur Brekkuborg	3	M		3	F		3	S		3	S	Umferðavika Foreldraviðtöl Lyng þessa viku		3	Þ		3	F			
4	M	Sumarlokun Brekkuborg	4	L		4	M	Sameiginlegur skipulagsd.í Grafarvogi	4	F		4	L		4	Þ	Umhverfisdagur	4	F		4	F		4	M		4	M		4	L	
5	F	Sumarlokun Brekkuborg	5	S		5	Þ		5	F		5	S	2.sunnudagur aðventu	5	M		5	L		5	L		5	Þ		5	F		5	S	Hvítasunnudagur
6	F	Sumarlokun Brekkuborg	6	M	Blá litavika Hópastarf hefst	6	M		6	L		6	M	Rauð litavika	6	F	Þrettándinn Vasaljósadagur	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	M		6	F		6	M	Annar í Hvítasunnu
7	L		7	Þ		7	F		7	S		7	Þ		7	F		7	M	Sameiginl. sk.lagsd. Grafarv Leikskólaráðstefna fh	7	M		7	F		7	L		7	Þ	Umhverfisvika
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F		8	M	Foreldraviðtöl á Lyngi þessa viku	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ		8	F	Gulur litadagur	8	S		8	M	Skólaslit grunnskóla
9	M	Sumarlokun Brekkuborg	9	F		9	L		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	M		9	L		9	M	Sameiginlegur skipulagsd.í Grafarvogi	9	F	
10	Þ		10	F	Blár litadagur	10	S		10	M		10	F	Rauður litadagur	10	M	Sauðalita vika	10	F		10	F		10	S	Pálmásunnudagur	10	Þ	Skipulagsdagur Brekkuborg	10	F	
11	M		11	L		11	M	Bleik litavika Foreldraviðt. Lundur þessa viku	11	F		11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	M		11	M	Foreldraviðtöl Laut þessa viku	11	L	
12	F		12	S		12	Þ		12	F		12	S	3.sunnudagur aðventu Stekkjastaur til byggða	12	M		12	L		12	L		12	Þ		12	F		12	S	Sjómannadagurinn
13	F		13	M	Umhverfisvika	13	M		13	L		13	M	Giljagaur	13	F		13	S		13	S		13	M		13	F		13	M	
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ	Stúfur	14	F	Sauðalitadagur	14	M		14	M	Dagur stærðfræðinnar	14	F	Skirdagur	14	L		14	Þ	
15	S		15	M	Foreldrafundur kl.17:00	15	F	Bleikur litadagur	15	M		15	M	Þvörusleikir	15	L		15	Þ		15	Þ		15	F	Föstudagurinn langi	15	S		15	M	
16	M	Innanhúsaðlögun þessa viku	16	F	Dagur íslenskrar náttúru Foreldrafundur kl:8:30	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F	Pottaskefill	16	S		16	M		16	M		16	L		16	M	Græn litavika Foreldraviðt. Laut þessa viku	16	F	Þjóðhátíð Brekkuborg - kaffidagur for.úti
17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	F	Jólaball fyrir hádegis Askasleikir	17	M	Umferðarvika	17	F	Vetrarfrí Grunnskóla	17	F		17	S	Páskadagur	17	Þ		17	F	Lýðveldisdagurinn
18	M		18	L		18	M	Foreldraviðtöl Laut þessa viku	18	F		18	L	Hurðaskellir	18	Þ		18	F	Vetrarfrí Grunnskóla	18	F	Rugludagur	18	M	Annar í páskum	18	M		18	L	
19	F		19	S		19	Þ		19	F		19	S	4.sunnudagur aðventu Skyrjarmur	19	M		19	M		19	L		19	L		19	Þ	Vor og sumarþema byrjar	19	F	
20	F	Lokadagur 2015 árgangs	20	M		20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M	Þjúgnakrækir	20	F		20	S	Góa hefst - Konudagur	20	S	Jafndægur að vori	20	M		20	F	Hópaslit í sal Grænn litadagur	20	M	Litavika-uppáhalds liturinn Sólmánuður hefst
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ	Vetrarsólstöður Gluggagægir	21	F	Þorri hefst - Bóndadagur - Þorramorgunverður	21	M		21	M		21	F	Harpa hefst - Sumardagurinn fyrsti	21	L	Skerpla hefst	21	Þ	Sumarsólstöður
22	S		22	M	Jafndægur að hausti	22	F	Vetrarfrí Grunnskóla	22	M	Vetrarþema byrjar hefst Ýlir	22	M	Mörsugur hefst Gáttapefur	22	L		22	Þ		22	Þ	Einmánuður hefst	22	F		22	S		22	M	Flóruferð barna 4ra ára og eldri
23	M	Skipulagsdagur Brekkuborg Skólaasetning grunnskóla	23	F	Haustmánuður hefst	23	L	Gormánuður hefst - Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa Ketkrókur	23	S		23	M		23	M		23	L		23	M		23	F	
24	Þ	Haustþema byrjar Tvímánuður hefst	24	F		24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla Kertasníkir	24	M		24	F	Góukaffi 14:30-15:30	24	F		24	S		24	Þ		24	F	Uppáhalds líta dagur Jónsmessa
25	M		25	L		25	M	Vetrarfrí Grunnskóla	25	F	Vasaljósadagur	25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F		25	M	Foreldraviðtöl Lundur þessa viku	25	M		25	L	
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ	Vetrarfrí Grunnskóla	26	F		26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L		26	Þ		26	F	Uppstigningardagur	26	S	
27	F		27	M	Umferðavika	27	M	Bangsadagurinn	27	L		27	M		27	F		27	S		27	S		27	M		27	F		27	M	Þriðtáthátíð úti þessa viku
28	L		28	Þ		28	F		28	S	1.sunnudagur aðventu	28	Þ		28	F		28	M	Bolludagur	28	M	Foreldraviðtöl Lind þessa viku	28	F		28	L		28	Þ	
29	S		29	M		29	F	Hrekkjavaka á Brekkuborg	29	M		29	M		29	L					29	Þ		29	F		29	S		29	M	
30	M		30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M		30	L		30	M		30	F	
31	Þ				31	S	Hrekkjavaka				31	F	Gamlársdagur	31	M	Tannverndarvika					31	F				31	Þ					

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.